

Fundur stjórnar TSÍ 31. ágúst 2010

Mættir: Rakel, Gunnar Þór, Hafsteinn Dan, Þrándur.

1. Landsliðsæfingar í haust og fjárhagsáætlun

Stjórnin fór yfir þær tímasetningar og kostnað sem Jónas hafði f.h.Tennishallarinnar gefið upp að kæmu til greina fyrir landsliðsæfingar/úrvalshópsæfingar á haustmánuðum. Stjórnin samþykkti að halda kr. 250.000 á fjárliðnum landsliðsæfingar að svo stöddu en þó með því fororði að til greina kæmi að hækka upp í kr. 335.000 eftir fund landsliðsnefndar 2. september 2010.

2. Dómaranámskeið, Fed Cup og fjárhagsáætlun

Stjórnin samþykkti að setja kr. 300.000 á liðinn dómaranámskeið.

Áréttað var að Fed Cup hefði verið fært á fjárhagsáætlun niður í kr. 54.000, sbr. fyrri fundagerð.

Rakel fór yfir að samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun yrði sambandið rekið í mínus og höggvið væri skarð í þá fjármuni sem hefðu orðið eftir frá árinu á undan.

3. Kæra Raj K. Bonifacius gegn TSÍ fyrir ÍSÍ dómstól

Kynnt var fyrir stjórninni að RKB hefði lagt fram kæru gegn TSÍ fyrir dómstól ÍSÍ. Þeirri kæru hefði verið vísað frá þar sem kæruskilyrðum hefði ekki verið fullnægt. Hins vegar væri hægt að leggja deiluefnið fyrir dómstólinn ef báðir aðilar samþykktu. Stjórnin ræddi kosti og galla þess að leggja málið fyrir dómstól ÍSÍ. Stjórnin tók ákvörðun að samþykkja ekki að leggja málið fyrir dómstól ÍSÍ.

Stjórnin tók þá ákvörðun að boða RKB á fund aðalstjórnar bráðlega þar sem farið yrði yfir málið og honum yrði kynnt lokatilboð og lokaafstaða stjórnarinnar.

4. Asics styrktarsamningur

Rakel og Gunnar kynntu fyrir stjórninni fund sem þau áttu með forsvarsmönnum Asics á Íslandi og að fyrirtækið hefði áhuga á samstarfi við TSÍ til fimm ára. Samþykkt var að Rakel og Gunnar ynnu áfram í málinu og skoðuðu nánar hvernig slíkur samningur gæti litið út.

Fundi slitið.